

Reykjavík, 26. ágúst 2026

Efni: Umsögn SAF um drög að þingsályktun um stefnu stjórnvalda um uppbyggingu flutningskerfis raforku

Samtök ferðapjónustunnar – SAF hafa tekið til umsagnar drög að þingsályktun um stefnu stjórnvalda um uppbyggingu flutningskerfis raforku sem umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytið birti á samráðsgátt stjórnvalda 8. júlí 2026.

SAF taka undir mikilvægi þess að flutningskerfi raforku sé öflugt og öruggt og geti staðið undir framtíðarþörfum samfélags og atvinnulífs. Áreiðanlegt raforkuframboð og næg flutningsgeta um land allt eru m.a. mikilvægar forsendur rekstrar, uppbyggingar og orkuskipta í ferðapjónustu.

Við endurskoðun stefnunnar þarf jafnframt að tryggja að vernd náttúru, landslags og víðerna fái ríkt vægi þegar ólíkir hagsmunir eru bornir saman. Það á ekki síst við um hálendi Íslands. Vernd þeirra er ekki aðeins bundin við umhverfissjónarmið heldur einnig verðmætasköpun og samkeppnishæfni atvinnugreinarinnar.

Staðið verði vörð um hálendið og víðerni þess

Í drögunum er lagt til að áhersluatriði 4. tölul. í gildandi stefnu þess efnis að ekki verði ráðist í línulagnir yfir hálendið verði felld út. Jafnframt fellur brott ákvæði um að gæta skuli jafnvægis milli efnahagslegra, samfélagslegra og umhverfislegra áhrifa við uppbyggingu flutningskerfisins.

SAF leggja áherslu á að brottfall ákvæðisins leiði hvorki til veikari verndar hálendisins og víðerna þess né verði túlkað á þann veg að auðveldara verði að leggja ný flutningsmannvirki um lítt röskuð svæði.¹

Í 10. tölul. draganna er lögð áhersla á að lágmarka áhrif á friðlýst og sérstaklega vernduð svæði og draga úr sjónrænum og öðrum umhverfisáhrifum. Ákvæðið tryggir hins vegar ekki með sama skýra hætti vernd miðhálendisins, óbyggðra víðerna og annarra lítt raskaðra landslagssvæða sem njóta ekki formlegrar verndar.

SAF telja mikilvægt að áhrif á ferðapjónustu og náttúruupplifun verði sjálfstæður þáttur í samanburði valkosta. Við mat á hagkvæmni verði jafnframt litið til samfélagslegra og efnahagslegra áhrifa, þar á meðal mögulegs verðmætataps vegna röskunar á landslagi og

¹ Samtökin hafa áður tekið skýra afstöðu til þessa. Í [umsögn SAF](#) um kerfisáætlun Landsnets 2016-2025 lögðu samtökin áherslu á lausnir þar sem „víðerni hálendisins [yrðu] ekki rýrð“. Sambærileg sjónarmið komu fram í [umsögn SAF](#) um kerfisáætlun 2018-2027, þar sem jafnframt var lögð áhersla á að lágmarka sjónræn áhrif flutningsmannvirka á svæðum þar sem ferðamenn upplifa víðerni.

áfangastöðum, en ekki eingöngu til beins kostnaðar við uppbyggingu og rekstur flutningskerfisins.

SAF leggja því til að við 10. tölul. stefnunnar verði svohljóðandi:

Við val á línuleið fyrir raflínur skal lágmarka áhrif á friðlýst svæði skv. I. um náttúruvernd, svæði sem njóta verndar samkvæmt sérlögum og skv. 37. gr. laga um náttúruvernd. Forðast ber einnig að raska svæðum sem njóta sérstakrar verndar skv. 61. gr. laga um náttúruvernd og miðhálendinu, óbyggðum víðernum og öðrum lítt röskuðum svæðum, nema brýna nauðsyn beri til og sýnt hafi verið fram á að ekki sé fyrir hendi raunhæfur valkostur sem veldur minna raski.

Jafnframt skal við val á línuleið og útfærslu flutningsmannvirkja leitast við að draga úr sjónrænum áhrifum og öðrum neikvæðum áhrifum á landslag, víðerni, náttúruupplifun, útivist og ferðapjónustu og öðrum umhverfisáhrifum.

Með breytingunni yrðu áhrif á ferðapjónustu hluti af heildstæðu mati á valkostum.

Samtökin áskilja sér rétt að koma með frekari ábendingar á síðari stigum.

Virðingarfyllst,

A handwritten signature in blue ink, reading 'Jóhannes Þór Skúlason'. The signature is fluid and cursive, with the first name 'Jóhannes' and last name 'Skúlason' clearly distinguishable.

Jóhannes Þór Skúlason

framkvæmdastjóri Samtaka ferðapjónustunnar